

-Arfabót-

Rannsókn á bæjarrústum á Mýrdalssandi í Álftaveri,
V-Skaftafellssýslu. Óþekkt hús (Hús H), kirkjugarður og prufuholur
Skýrsla VII





Samstarfsaðilar: Próf. Þorvaldur Þórðarson, HÍ
Dr. Hilmar J. Malmquist, Náttúruminjasafni Íslands
Próf. Snæbjörn Pálsson, HÍ
Dr. Ólafur Eggertsson, Skógræktinn á Mógilsá
Skógasafn

Forsíðumyndin sýnir drónamynd af hinum meinta kirkjugarði og kirkju (Norður
vísar niður. Stafr. myndir nr. 2022-26-40. Ljósm. BFE 2022).

FORNLEIFAFRÆÐISTOFAN

© Bjarni F. Einarsson
Janúar 2023

Formáli

Sjöunda sumar rannsókna í Arfabót hófst föstudaginn þann 24. júní síðastliðinn og stóð yfir í 11 vinnudaga. Helsta markmið rannsókna er sem fyrr að grafa fram síðasta skeið bæjarins og hafa hann til sýnis þeim sem áhuga hafa á að skoða slíkan bæ. Stefnt var að því að klára meinta smiðju (Hús H) og norðurhlið hinnar meintu kirkju og kirkjugarð. Reynt var að grafa frá austurgafli hinnar meintu kirkju eins mikið og hægt var. Jafnframt var kannað hvort fleiri hús leyndust til austurs.

Eins og síðastliðin sumur fór mikill tími í að grafa í burtu sand til að búa í haginn fyrir áframhaldandi rannsókn og komandi sumur. Lítil vélgrafa var notuð til starfans.

Styrktaraðilar rannsókna voru Fornminjasjóður og Skaftárhreppur, en Skógasafn lagði auk þess til einn starfsmann.

Auk undirritaðs tóku þau Guðrún Helga Jónsdóttir, Jakob Orri Jónsson og Viktoría Halldórsdóttir fornleifafræðingar, Anna S. Ingófsdóttir fornleifafræðinemi og próf. Sigurjón Baldur Hafsteinsson þátt í rannsóknunum auk Þorgeirs Eiríkssonar aðstoðarmanns, en hann sá m.a. um að stýra vélgröfunni. Allur aðbúnaður á vettvangi var sem fyrr og hefur verið lýst áður.

Samstarfsaðilar voru, Dr. Ólafur Eggertsson Skógræktinni á Mógilsá, Hilmar J. Malmquist á Náttúruminjasafni Íslands, Skógasafn, Próf. Þorvaldur Þórðarson HÍ og Próf. Snæbjörn Pálsson HÍ. Í undirbúningi er samstarf við *Rocs*-verkefnið¹ við Háskólann í Kaupmannahöfn og HÍ. Tengiliður er dr. Wesley Randall Farnsworth hjá Globe institut.

Öllum styrktaraðilum, samstarfsaðilum og starfsmönnum, færi ég mínar bestu þakkir.

Forsögu rannsókna og staðháttum hefur verið lýst í fyrri skýrslum.

Veður var nokkuð gott, en eins og háttar til á sandinum er gjarnan vindur sem hreifir sand sem verður til vandræða á stundum. Rigningarvatn safnaðist gjarnan fyrir í polla sem voru til vandræða því vatn sígur hægt niður þegar komið er jafn neðarlega og raun ber vitni í Húsi H og hinum meinta kirkjugarði. Þetta gæti bent til þess að ekki sjé hraun undir!

Rannsóknin

Eins og í fyrrasumar var hæðarpunkturinn við hina meintu kirkju notaður. Er hann við X 400 Y 500 og hæð hans skilgreind sem 10 m.y.s.

¹ *Rocs*. Queen Margarethes and Vigdís Finnbogadóttir's Interdisciplinary Research Centre on Ocean, Climate, and Society. Háskólinn í Kaupmannahöfn - HÍ.



Mynd 1. Yfirlit yfir Arfabót. T.v. má sjá garðinn utan um hina meintu kirkju. Hús H er neðst á miðri myndinni. (Stafr. myndir nr. 2022-26-45. Horft mót V. Ljós. BFE).

Slegin voru niður járnror utan um bæinn við X 430–Y 480 og X 422–Y 480. Síðan voru önnur tvö rör slegin niður við X 430–Y 465 og X 422–Y 465.

Byrjað var á því að moka eins mikinn sand og hægt var með vélgröfu úr nýja húsinu (Hús H) og utan við það og loka hringnum sem er utan um allan bæinn. Því næst var farið yfir í hina meintu kirkju og haldið áfram að moka ofan af garðinum og á milli hans og hinnar meintu kirkju. Var því haldið áfram það sem eftir lifði tímans til að búa í haginn fyrir næsta sumar.

Austan við hina meintu kirkju voru prufuskurðir grafnir til að kanna hvort fleiri rústir leyndust þar undir sandinum. Reyndist svo ekki vera (sjá mynd 11).

Að síðustu var könnunarskurður grafinn við norðurhlið Húss H, en hann stóð til að skoða frekar síðar um sumarið/haustið ásamt Þorvaldi Þórðarsyni jarðfræðingi. Sú ferð var farinn þann 7. október (sjá sérstakan kafla).

Teknar voru stafrænar myndir eftir því sem rannsókninni vatt fram og sömuleiðis voru drónamyndir teknar með reglubundnu millibili. Til að hægt sé að leiðrétta þá litlu bjögun sem linsan í drónanum veldur, voru settir út gulmálaðir krossar á járnrorin í hnitakerfinu svo þeir sæjust á helstu drónamyndum.

Fullrannsókuð hús miðað við aðalmarkmið rannsókna nú (að rannsaka síðasta skeið búsetunnar) eru A, B (aðeins teiknað), C, D (aðeins teiknað), E, G og meint kirkja. Þeim hefur öllum verið lýst í fyrri skýrslum. Eftir er að fullrannsaka hús F og H, auk kirkjugarðsins. Einnig á eftir að komast að því hvort aflögð hús/rými kunni að finnast norðan við Hús D, F og H og innan við grjóthleðsluna sem umlykur allan bæinn.



Mynd 2. Drónamynd af öllum bæjarhúsunum. Sjá má grjóthleðsluna utan um öll bæjarhúsin að húsabaki. (Stafr. myndir nr. 2022-26-36. Skorin. Norður vísar upp. Ljós. BFE).

Bæjarhúsin A-H

Nú er ljóst að fleiri hús eru ekki áföst bæjarhúsunum. Lengd þeirra allra frá vesturhlið fjóss að austurhlið Húss H er 62,19 m. Mesta breidd þeirra er 13,80 m. Frá vesturhlið skemmu að austurhlið húss H er lengdin 41,35 m. Utan um öll hús bæjarstæðisins frá skemmu að húsi H er hlaðinn veggur. Að norðan- og austanverðu er hann lágur og myndar einskonar stall utan um húsið og hefur þannig afmarkað bæinn í rýminu.

Afar líklegt er að þar sem veggir eru breiðastir norðan við stofu, skála og Hús H leynist eldri hús sem hafa þá verið sléttuð og jarðvegur settur ofan í til að mynda sléttan flöt. Þetta á hins vegar ekki við um stofuna sem hefur verið látin afkipt hvað þetta varðar (kannski með það að markmiði að endurbyggja hana síðar?). Sé þetta rétt þá sýnir það ákveðna fagurfræði ábúenda í að ganga þannig frá bæjarhúsum að þau séu falleg og greinilega afmörkuð frá hinu náttúrulega umhverfi. Einnig getur þetta haft praktíska þýðingu. Vindurinn, norðanvindurinn, hefur þá flotið betur yfir húsin og ekki safnað sandi og snjó í tóftirnar. Ekki er heldur hægt að útiloka að þetta sé einhver vörn gegn flóðum. Þessi frágangur hefur ekki sést áður í íslenskum miðaldarbæjum svo að höfundur viti til. Garður eða veggur þessi utan um bæjarhúsin er samfelldur að norðanverðu og austanverðu og er í beinu framhaldi af öðrum veggjahleðslum á bænum og er um 0,3–0,4 m hár að húsabaki.

Gólfín í húsunum hafa staðið mishátt yfir sjávarborði.² Fjósið var t.d. 8,98 m yfir sjávarborði og hallaði út til suðurs og þar var hæðin 8,90 m. Sundið á milli húsanna hallaði einnig mót suðri, en það var 9,13 m í miðjunni og 8,85 syðst. Í skemmuni var þessu öfugt farið. Í miðri skemmuni var gólfið 8,99 m yfir sjávarborði, en hella utan við hana var 9,08 m yfir sjávarborði. Gólfínu hallaði sem sagt inn í húsið.

Miðja skálans var 8,71 m yfir sjávarborði, en fyrir utan dyrnar var hæðin 8,66 m. Göngin frá dyrum inn að eldhúsgöngum voru 8,56 m yfir sjávarborði og því nokkuð lægri en yfirborðið utan við dyrnar.

² Þetta eru ekki nákvæmar tölur og miðast við að hæðarpunkturinn sé 10 m yfir sjávarmáli. Innbyrðis eru allar hæðartölur réttar.



Mynd 3. Drónamynd af Húsi H. Sjá má að um tvö rými er að ræða og það til vinstri hefur líklega verið utandyra, en ekkert fannst enn sem komið er sem benti til þess að þil hafi lokað því af til suðurs. (Stafr. myndir nr. 2022-26-39. Skorin. Norður vísar upp. Ljós. BFE).



Mynd 4. Flatarteikning af Húsi H teiknuð eftir stafr. mynd nr. 39. Milligrár litur sýnir steina í vegg undir efstu steinum. Dökk grár litur sýnir undirstöðu undir þil og hugsanlega innréttingu í húsinu, en þeir neðstu gætu einnig verið hluti af kampi (óljóst enn). Hnitin á + sést á mynd 16.

Gólfíð í búrinu var 5 sm hærra en skálagólfíð, eða 8,76 m yfir sjávarborði. Eldhúsið inn af skálanum var 9,07 m yfir sjávarborði og bálkurinn að austanverðu var 9,64 m yfir sjávarborðinu. Botninn í ofninum var 9,27 m yfir sjávarborði. Göngin (dyrnar) inn í eldhúsið voru 9,0 m yfir sjávarborðinu og hallaði því eldhúsið til suðurs. Klefinn var svo mest 8,71 m yfir sjávarborðinu, en ekki tókst að komast niður á botn hans (of mikil

hætta á hrúni). Hann hefur verið að minnsta kosti 0,5 m djúpur, sennilega nokkuð meira.

Gólfíð í Húsi H var 8,54 m yfir sjávarborðinu, sem er lægst allra gólfa í bæjarhúsunum. Þar var hvað harðasta skánin yfir gólfinu.

Þessar tölur sýna að flóð hafa haft nokkuð greiðan aðgang inn í mörg húsin, einkum inn um bæjardyrnar inn í skála, klefa og búr, og inn í hús H.

Við hina meintu kirkju eru hæðartölurnar enn lægri sem þýðir að flóðin hafa gert meiri usla þar en á bænum. Stéttin inn í garðinn er 8,21 yfir sjávarborði næst hinni meintu kirkju, en 8,30 í sjálfu hliðinu. Inni í garðinum miðjum norður af hinni meintu kirkju er hæðin 8,26 m. Utan við garðinn nyrst er hæðin 7,89 m yfir sjávarmáli sem bendir til þess að hinn meinta kirkja og garður hafi staðið á lágum hól lítið eitt hærra en svæðið á milli bæjar og kirkju.

Gólfíð inni í meintri kirkjunni virtist hafa hækkað til vesturs. Lægst var það vestan við ferningslaga niðurgröft (altari?) eða 8,52 m, en mest var það 8,68 m að vestanverðu. Flóð hafa því átt greiða leið inn í kirkjuna að altarinu.

Kalla má bæjarskipanina í Arfabót fyrir einfalda línulaga formgerð þar sem öll bæjarhús eru í einni línu með aðeins einu húsi að húsabaki, eldhúsið. Ein lína húsa verpist um göngin. Þannig voru húsin í Kúabót skammt hjá (Gísli Gestsson 1987) og í Gröf í Örafum (Gísli Gestsson 1959) þó þau hefðu fleiri hús að húsabaki. Önnur bæjarhús eins og á Bæ í Örafum (Bjarni F. Einarsson 2020), Fornu-Lá á Snæfellsnesi (Kristján Eldjárn 1951) og Sandártungu í Þjórsárdal (sama) eru annarrar tegundar. Tvö þau síðastnefndu eru yngri en



Mynd 5. Bronsnagli sem fannst í veggnum norðan við Hús H. (Fnr. 2022-26-3. Ljós- BFE).



Mynd 6. Gjallmolinn sem fannst í Húsi H. Sjá má brennt bein í molanum. (Fnr. 2022-26-5. Ljós- BFE).



Mynd 7. Gripurinn úr hvalbeini sem fannst í suðurvegg Húss H. Sjá má hið meinta handfang á vinstri hluta griparins. Gripurinn er 12 sm langur. (Fnr. 2022-26-2. Ljós- BFE).

Arfabót. Þar eru tvær línur sem verpast um göngin og mætti því kalla tvöfalda línulaga formgerð. Bær er afbrigði af þessari tegund.

Hús H, óvíst hlutverk

Húsið er austasta hús bæjarins. Á milli þess og bæjarins virðist hafa verið opið svæði sem snéri mót suðri. Yfir þessu svæði hefur líklega verið þak (sjá mynd 3 og 4). Húsið sjálft var 2,05 m breitt og 4,0 m langt, eða 8,2 m³. Svæðið fyrir utan (vestan) var 1,35 m breitt og 2,7 m langt. Aðeins var komið niður á gólfið á litlum kafla í húsinu og hinu opna svæði. Ofan á gólfinu var hörð skel með járnútfellingum og sandi sem erfitt var að grafa í gegnum.

Suðurveggurinn er 1,55 m breiður og 0,88 m hár. Austurveggurinn er 2,80 m breiður og 1,11 m hár. Norðurveggurinn er 7,80 m breiður og 1,26 m hár. Vesturveggurinn hefur sennilega verið timburþil sem staðið hefur ofan á steinum sem þvera húsið. Á miðjunni var eyða í steinum sem hlýtur að marka dyr hússins. Talsvert grjót hefur hrunið úr veggjum niður á gólfið, sérstaklega í suður- og norðurvegg (jarðskjálfti?). Austurveggurinn var býsna heillegur.

Í suðvestur horni eru steinar sem gætu markað einhverja innréttingu í húsinu ef þeir voru ekki hluti af kampi.

Í sjálfu húsinu fundust tveir gripir, en það voru járnagli og gjallmoli. Í gjallinu (sjá mynd 6) mátti sjá brennd bein, en slík bein voru stundum notuð sem íblöndunarefni til að herða járneið. Í utanverðum suðurveggjum fannst gripur úr hvalbeini sem getur verið skafa/sleif, vefjaskeið eða leikfang (sjá mynd 7). Í breiða veggjum norðan við húsið fundust brönsnagli (sjá mynd 5) og tönn (hestur? Sjá mynd 10).

Gjallið gefur veika vísbendingu um að húsið kunnist hafa verið smiðja, en nánari rannsókn á því gæti staðfest að svo sé.



Mynd 8. Bronsgripur sem fannst í suðurvegg hinnar meintu kirkju. (Fnr. 2022-26-1. Ljósmynd BFE).



Mynd 9. Stéttin að hinnar meintu kirkju. Sjá má stéttina liggja í gegnum hliðið á garðinum að vesturgafli hinnar meintu kirkju. (Stafr. myndir nr. 2022-26-16. Horft mót SSA. Ljósmynd BFE).



Mynd 10. Tönn (hestur?) sem fannst í breiða veggjum norður af Húsi H. (Fnr. 2022-26-4. Ljósmynd BFE).



Mynd 11. Drónamynd af hinni meintu kirkju og garðinum utan um hana. Hin meinta kirkja er rétt vinstra megin við miðja mynd og að henni liggur stéttin ofarlega vinstra megin. Hægra megin á myndinni eru leitarskurðir, en í þeim fundust engin mannvirki. Holan í garðinum er leitarhola. (Stafr. myndir nr. 2022-26-39. Skorin. Norður vísar upp á myndinni. Ljóssm. BFE).

Kirkja?, garður, stétt og hlið

Nú hefur verið mokað ofan af um helmingi garðsins sem umlykur hina meintu kirkju, en þó hefur ekki enn verið grafið niður á upprunalegt yfirborð garðsins nema að litlu leiti. Grafið er að ytri vegghleðslum hinnar meintu kirkju, en það var ekki gert 2012 þegar allt húsið var rannsakað að innanverðu.

Allt bendir til þess að garðurinn liggi utan um hina meintu kirkju (sjá forsíðumynd og mynd 11). Ekki er garðurinn hringlaga, heldur nánst ferningslaga með rúnuðum hornum og með lítilega sveigðum langhliðum. Greinilegt er að garðurinn var orðinn lúinn áður en búseta lagðist af í Arfabót. Hann er víða talsvert siginn og honum hefur ekki verið haldið við. Heillegastur er hann miðað við það sem hingað til hefur verið kannað að vestanverðu á móts við vesturgafhlunnur hinnar meintu kirkju. Breiðastur mældist garðurinn 1,70 m og mjóstur var hann 65–70 m. Að innanverðu nyrst á garðinum er hann 0,51 m á hæð, en að utanverðu hinum megin og utan við garðinn er hann 0,82 m. Líklega er það vegna þess að yfirborð garðsins

Eyðibýli	Hvar skv. Jóni Þorkellssyni	Í eyði	J.P.	J.S. 1907-15	E.Ó.S. 1947	Í byggð 1703
Laufskátar	Mikill bæf ofarlega í Áltfaveri. Þar heytir nú Laufskálavaraða. Vestur af Skálmabæjarhrauni		x	x		
Í Loðinsvikum	Kallast einnig Keldur (E.Ó.S.). Nærrí upp undir jöklum. Þar var mikið hverfi (Finnur Jónsson 1914:46)		x	x	x	
Aiviðra	Norðan megin Skálmár, gegnt Dynskógum		x		x	
Hofstaðir	Útnorður af Dynskógum. Við Hofsstaðakvísl nálægt Hrutshálsafossi. Viður úr H. settir í Herjólfstaði (E.Ó.S. bls.		x	x	x Þjóðsaga	
Súrnahólar	Skammt frá Hofstöðum		x		x	
Nátthagi	Ekki langt frá Hofstöðum		x		x	
Dynskógur	Mikill bæf NV af Herjólfstöðum. Dynskógahverfi. Þar eru nú skerhólar, holir innan. Sunnan Skálmár við		x	x Þjóðsaga	x Þjóðsaga	
Selhólar	Í útnorður frá Dynskógum. Einnig kallað Selhólmur (E.Ó.S.)	1820	x		x	
Ljósavötn	Upp frá Skálmabæ við veginn upp í Skaptártungu. Einnig kallað Ljósavatnssel (E.Ó.S.)	1852	x		x	
Brúnasel	Í útnorður frá upp frá Skálmabæ, fyrir ofan Skálm	1828	x			
Dýralækir	Mikið býli í Lägeyjarhvf. fyrir austan Eyjará þar sem nú er vegurinn milli Mýrdals og Áltfavers. Sam. og Bólhraun?		x	x	x	
Holt	Einn bæja Lägeyjarhvfis (Þorvaldur Thoroddsen 1894:70)					
Lambey	Fyrir austan Eyjará, þar sem nú er kallaður Lambjökull. Einn bæja Lägeyjarhvfis		x	x	x Þjóðsaga	
Lágey	Skammt austur af Eyjará. V eða SV Eyjarár, andspænis við Bólhraun. Kirkjustaður. Máldagi Þykkv.kl. 1340. Beit		x	x	x Þjóðsaga	
Bólhraun	Skammt frá sjó fyrir austan Lägeyjarlond.	1827	x		x	Já
Dýranes	Mikil jörð austur frá Bólhraunum. Þar er nú allt í sandi		x		x	
Sauðhellar	Fram við sjó austur af Dýranesi		x		x	
Niðurföll	Býli fram við sjó austur af Sauðhellum		x		x	
Staðarból	Býli við sjó austur frá Niðurföllum. Við ströndina skv. örnefnaskrá		x		x	
Litlahraun	Upp frá Staðarbóli lengra frá sjó. Þar heyta nú Litlahraunrof		x		x	
Selhraun	Í suðurhögum Þykkvabæjarklausturs, austur frá Litlahraunrofum		x		x	
Smalaskáli	Suður af Hraungerði. Þar heytir nú Smalaskálavaraða		x		x	
Sjónarhöll	Í suðurhögum Þykkvabæjarklausturs. Á merkjum við Kúðaljtót skv. örnefnaskrá		x			
Mjóás	Skammt fyrir ofan Þykkvabæjarkl. í heimalandi, mitt í sjálfri byggðinni sem nú er. Sjá má grónar rústir við Mjóásvatn skv.		x		x	
Birningur	Í heimalandi Þykkvabæjarklausturs, skammt frá Mjóás. Sjá má grónar rústir við Mjóásvatn skv. örnefnaskrá		x		x	
Ósabær	Fyrir sunnan Landbrottsá. Þar heyta nú Ósabæjarhálsar		x		x	
Bonkanes			x		x	
Litlaból			x		x	
Höllustaðir			x		x	
Gamla Hraungerði	Í útsuður frá Hraungerðisbæ. Flutt á núverandi stað Hraungerðis	1625	x		x	
Vitleysa			x			
Kringla	Upp af Loðinsvikum milli þeirra og Atleyjar		x		x	
Höfðaver	Fyrir ofan Hjörleifshöfða				x	
Lambajökull	Á sandhrygg austan við Lágey				x	
Hranastaðir				x	x	
Atley	Í fjarska við aðra bæi norður í fjöllum			x	x	
Sauðhúsnes	Mbl. 11.2.1993. Sauðhúsnes var vestur af Niðurföllum skv. örnefnaskrá.	1918			x	Já
Hafnarnes	Í máldaga Þykkvab.klaustur frá 1340. Kirkjustaður? Sumir telja þetta vera Kúabót (Schutzback 2005:76).				x	
Stapaland	Í Áltfaveri eða á Mýrdalssandi. Máldagi Þykkvabæjarkl. 1340. Fjórðungur smjör og fæða 2 naut				x	
Ónefnt býli	Um 90 m NV af Niðurföllum (Mbl. 1993, 25. mars). Ef fylgt er skrá Jóns Þorkelssonar gætu þetta verið		(x)			
Sel	Austur af Niðurföllum (örnefnaskrá)	>1800				
Bólisturhólar	Við ströndina skv. örnefnaskrá					

Tafla 1. Eyðibýli samkvæmt Jóni Þorkellssyni (J.Þ.) og Einari Ól. Sveinssyni (E.Ó.S.) með viðbótum frá Þorvaldi Thoroddsen og Jóni Steingrímssyni (J.S.), en Jón Þorkellsson og Einar Ólafur Sveinsson notuðu ýmsar eldri heimildir í skráum sínum. Skrá Jóns er eina heimildin sem getur um staðsetningu bæja að einhverju marki. Sauðhúsness er einnig sagt vera í byggð í elsta manntalinu frá 1686, 1695/97 (Björn Lárusson 1967:337).

hefur verið hærra en yfirborðið utan hans og að garður og meint kirkja hafa staðið ofan á lágum hól eins og áður greinir.

Um hliðið, sem er tæplega eins m breitt, liggur hellulögð stétt alveg að vesturgafli hinnar meintu kirkju. Líklega liggur hún frá bæjardyrum bæjarins, þó það hafi ekki verið staðfest. Stefna stéttarinnar bendir sterklega til þessa.

Ofarlega í norðurvegg hinnar meintu kirkju fannst einn gripur úr bronsi með gati (sjá mynd 8).

Þó að í þessari skýrslu sé ætíð talað um hina meintu kirkju er nánast öruggt að þarna hafi verið kirkja með



Mynd 12. Hvalbeinsspaði frá Bæ í Örafum. Gripurinn fannst í stærra búrinu fyrir þurrmeti (Rými E). Hann er svipaðrar stærðar og spaðinn frá Arfabót sbr. mynd 7. (Fnr. 2006-88. Ljós m. BFE).

Efni	2012	2017	2018	2019	2020	2021	2022	Samtals	A	B	C	D	E	F	G	H	Hlað	Kirkjug.	Annarsstaðar
Bein	-	15	9	13	11	9	2	59	7	3	19	-	1	15	3	2	6	1	2 (lausaf.)
Brons	2	4	1	10	16	3		35	2	-	4	-	-	23	-	1	2	2	1 lausaf. í skemmu
Járn	5	9	6	17	13	1		52	4	2	8	-	2	20	8	1	5	1	1
Steinn	3	-	1	6	3	-		13	2	1	-	-	1	6	3		-		-
Tré	1	3	2	5	24	-		35	1	-	5	-	3	26	-		-		-
Flöguberg	-	1	-	-	5	-		6	-	-	-	-	-	6	-		-		-
Leirtau	-	-	-	-	4	-		4						3			1		
Skel/hismi					1	-		1						1					
Leður					3	-		3						3					
Ull					3	-		3						3					
Gjall							1	1								1			

Tafla 2 yfir efnisflokka (fundanúmer) sem fundist hafa fram að þessu í öllum húsum í Arfabót og utan þeirra. Í nokkrum tilfellum eru fleiri en einn gripur skráðir saman. Ekki er tekin afstaða til vafaatriða.

Tegund	A Fjós	B Heystæði	C Skemma	D Stofa	E Klefi	F Skáli	G Eldhús	H	Hlað	Kirkjug.
Hnífar	1				1	2				
Steinar	2	1				3				
Kljásteinar						4	2			
Snældusnúðar						1				
Bryni				1		5				
Rónaglar										2
Naglar (járn)				2	1	5	2	1		3
Naglar (brons)								1		
Sneisar				3	1	1				
Brons (plöt.lykkja, lok)				2		3				1
Unnið tré				1		4				
Unnin bein				1		1		1		
Hóffjaðrir				1		1	3			1
Kolur					1		1			
Bronsprjónar						1				
Járnlykkja						1				1
Fiskasleggjur						1				
Bronsborði						1				
Bronskál						3				
Bronskinnur						1				
Slípisteinar						1				
Tréhælar						3				
Trélok						1				
Beltissproti						1				
Næla						1				
Leirtau						3				1
Leður						3				
Skel/hismi						1				
Kotra						1				
Sill						1				
Sleif						1				
Textill						3				
Gjall								1		

Tafla 3 yfir sumar gripategundir í einstökum húsum, án beina. Ákveðin óvissa er með greiningar á fáeinum gripum.

garði utan um. Hvort grafir kunni að finnast í garðinum eða ekki mun koma í ljós síðar meir. Mestar líkur til þess að finna grafir eru í suðurhluta garðsins, sem enn á eftir að moka ofan af.

Við rannsóknina á húsinu norðanverðu komu í ljós vísbendingar um að undir því væri enn eldra hús (kirkja) með veggjum úr torfi.

Gripir og rými

Aðeins sjö gripir fundust þetta sumar, sem er lang rýrasta sumar rannsóknanna þegar kemur að gripafjölda fyrir utan sumarið 2012 en þá var hin meinta kirkja rannsökuð. Fundust þá engir gripir í meintri kirkjunni. Fundafæðin nú skýrist af því að ekki var grafið í gólf hins nýja húss H að ráði og ekki er að vænta margra gripa í garðinum við hina meintu kirkju. Sé Hús H smiðja er margra gripa ekki heldur að vænta úr gólfinu.

Gripirnir voru þrír bronsgripir og aðeins einn þeirra var hægt að greina til tegundar en það var nagli. Einn bronsgripur fannst í suður vegg Húss

C, skemmuni, og gæti hann hafa verið lagður þar eftir að rannsókn lauk á húsinu. Gripurinn er skilgreindur sem lausafundur. Annar bronsgripur fannst í veggnum norðan við Hús H (naglinn, mynd 5) og sá þriðji fannst ofarlega í norðurvegg hinnar meintu kirkju (mynd 8). Einn nagli úr járn og einn gjallmoli (mynd 6) fundust í Húsi H. Í suðurvegg hússins fannst spaði úr hvalbeini (mynd 7) og er hann talinn með gripum í Húsi H. Svipaður hvalbeinsgripnum frá Arfabót er gripur sem fannst í stærra búrinu á Bæ í Örafum (Bjarni F. Einarsson 2020:246) þó ekki með handfangi (mynd 12) og í Kúabót fannst gripur sem kallaður var vefjaskeið og var hann úr hvalbeini. Honum var ekki hægt að bjarga. (Gísli Gestsson o.fl. 1987:70). Á vefjaskeið er handfangs að vænta og sé það handfang á gripnum í suðurvegg Húss H á hann sér systur í Kúabót og reyndar fleiri stöðum. Fleiri hvalbeinsbrot hafa fundist í Arfabót, Kúabót og Bæ, eins og hryggjaliður úr hval sem lá á botni sás í búi Kúabótar (Gísli Gestsson 1987:42) og hryggjaliður úr smáhveli í gólfinu í stofunni á Bæ sem var ljósmyndaður en ekki tókst að bjarga. (Bjarni F. Einarsson 2020:157).

Í veggnum norður af Húsi H fannst ein tönn (mynd 10) ásamt bronsnaglanum sem áður getur. Í gjallmolanum sem fannst í Húsi H má sjá brennd bein sem gæti verið vísbending um að járn hafi verið unnið í húsinu og að kalla megi húsið smiðju. Nánari rannsókn mun leiða þetta í ljós. Hvalbeinsgripurinn frá Arfabót er tálgaður til og er annar endinn eins og handfang. Því er hugsanlegt að um sé að ræða sköfu/sleif, vefjaskeið eða leikfang (sverð eða rýtingur?) eins og áður getur.

Nú þegar rannsóknirnar í Arfabót eru langt komnar er athyglisvert að bera fundatíðni Árfabótar saman við fundartíðni Kúabótar, en aðeins eru um 2,5 km á milli bæjanna. Í Kúabót fannst talsvert magn gripa undir 565 fundanúmerum, en í Arfabót hefur fundist lítið magn gripa undir 212 fundanúmerum. Bara í skálanum í Kúabót fundust fleiri fundanúmer en á öllu bænum í Arfabót eins og staðan en nú, en í skálanum í Kúabót voru 254 fundanúmer skráð. Fundaflóran er einnig mjög ólík, en í Kúabót fannst margt dýrgripa.

Bæirnir fara hugsanlega í eyði á nokkuð svipuðum tíma, en ekki er hægt að halda því fram að þeir hafi farið í eyði á sama tíma. Munurinn á fjölda gripa bendir til þess að Kúabót hafi farið í eyði tiltölulega skyndilega á meðan Arfabót er á fallandi fæti um tiltölulega langan tíma og gefst svo upp að lokum, fólkið tók föggur sínar og fór. Fólkið í Kúabót þurfti líklega að yfirgefa bæinn með hraði og snéri aldrei aftur. Það er því hugsanlegt að eitt atvik/gos/hlaup hafi riðið Kúabót að fullu, en ekki Arfabót! Líklegasti sökudólgurinn að eyðingu Kúabótar er stórgos í Kötlu um 1490 (Sigurður Þórarinnsson 1975:140–141). Einnig kemur til greina gos árið 1500 sem taldist allstórt gos (eldgos.is/katla/). 15. öldin var gosrikasta öld Kötlu bæði fyrr og síðar eftir að land byggðist. Ekki byrjaði öldin heldur vel, en Svartridaudi herjaði á landið árin 1402–1404. Það er vel hugsanlegt að einhver dropi hafi fyllt mælinn í Arfabót eins og óvenju slæmt árferði eða atburður í Kötlu.

Nokkur stærðarmunur er á bæjunum tveim á síðasta skeiði þeirra (sjá töflu 4). Á báðum bæjum hefur verið kirkja eða bænhús og á báðum voru þær aflagðar áður en búsetu var hætt. Í Kúabót var hún notuð sem skemma/geymsla eftir að hún var aflagð, en ónýtt í Arfabót eða hugsanlega sem hesthús.

Fleiri hús (rými) eru í Kúabót en Arfabót, en aðalrýmin þau sömu, stofa, skáli, göng, eldhús, búr og skemma.³

Sömuleiðis er rými sem kallað er klefi í Kúabót einnig að finna í Arfabót. Í klefanum í Kúabót var stór sár skilinn eftir, en hann var ekki að finna í Arfabót. Þeirri tilgátu hefur höfundur varpað fram að í þessum klefa hafi lýsiframleiðsla farið fram á báðum bæjunum. (Bjarni F. Einarsson 2020:274).

Ekkert fjós var rannsakað í Kúabót, en líklegt er að það sé að finna spölkorn frá bæjarstæðinu til suðuausturs og er sú rúst býsna sambærileg að stærð og fjósið í Arfabót. Hvorugur bærinn er ýtarlega aldursgreindur enn sem komið er, en gjóskugreining í fjósi Arfabótar bendir til þess að bærinn sé yngri en 1416 (svonefnt Höfðahlaup sem getið er í Lögmansannál).

Sýni

Aðeins eitt sýni (sýni 49) var tekið á meðan á rannsóknum stóð síðastliðið sumar og var það gjóskusýni sem tekið var utan við hús H að austanverðu. Var sýnið undir hleðslu og lagið sem sýnið var tekið úr *in situ* (sjá mynd 15). Sýnið var sent í greiningu til próf. Þorvaldar Þórðarsonar á Jarðvísindastofnun Háskóla Íslands. Reyndist það líklega vera úr Eldgjá 934, þó ekki sé alveg hægt að útiloka Kötlu 1357, sem þó þykir frekar ólíklegt. (Sjá fylgirit 1). Hús H er talsvert yngra en þetta ártal. Fleiri gjóskusýni voru tekin síðar um haustið (sjá mynd 16) og er niðurstaða greininga ekki að vænta fyrr en með vorinu. Sjá nánar kafla hér að neðan og fylgirit 1. Þessar niðurstöður á gjóskugreiningunni kalla á frekari gjóskurannsóknir og að þeim er stefnt.

Í fyrrasumar var þakhella úr bæjarhúsunum tekin til greiningar, en hún fólst í því að greina uppruna hellunnar. Sagnir voru um að hellur hefðu verið sóttar upp í fjöllin austan við Kötlu. Náttúruminjasafn Íslands annaðist greininguna. Niðurstaðan var að hellan var úr straumflögóttu bergi og líklega frá giljum og skorningum í suðurhlíðum Mýrdalsjökuls í um 20–30 km norðan við Arfabót (sjá fylgirit 2).

Rými	Kúabót	Arfabót
Skemma	26,8 m ²	27,60 m ²
Skáli	57,42 m ²	37,86 0,65 m ² fyrir minnkun, 23,45 m ² eftir minnkun
Klefi	1,39 m ²	1,27 m ² efst. 0,65 m ² neðan við yfirborð gólfs í göngum
Stofa	27,69 m ²	≈ 33 m ²
Búr	24,32 m ² stærra búr	14,41 0,65 m ²
Eldhús	21,00 m ²	10,53 m ²
Göng	10,62 m ²	3,5 m ²
Fjós	? Svipað og í Arfabót	27,8 m ²

Tafla 4. Samanburður á stærðum rýma í Kúabót og Arfabót á Mýrdalssandi.

³ Skilgreining rýma í Kúabót er ekki alveg samhljóða skilgreiningu Gísla Gestssonar sem gróf Kúabót. Sjá nánar Bjarni F. Einarsson 2020:289).



Mynd 13. Loftmynd af hluta af Mýrdalssandi og Álftaveri. Rauðir punktar sýna minjar sem sjást. Aðrir staðir, eins og Smalaskálarof, Staðarbót, Selhraun og Sjónarhóll hafa ekki verið skoðaðir af höfundum og ókunngt um hvort þar sjáist eitthvað. Í örnefnafræðingum segir að tóftir sjáist í eða við Sjónarhól. Rauður kross sýnir stað þar sem rústir geta leynst. Þessi dreifing bæja er enn í vinnslu. (Loftmynd: map.is. Viðbætur BFE).

Leit að fleiri húsum

Nú er búið að leita um allan hólinn sem Arfabót er á, fyrir utan NV-hluta hans og nokkuð ljóst að fleiri hús eru þar ekki að finna sem tilheyrta hafa síðasta skeiði bæjarins. Þar sem leitað hefur verið hafa ekki heldur komið fram neinar vísbendingar um eldri byggð. Það bendir til þess að eldri byggð sé undir bæjarhúsunum sjálfum sem nú hafa verið rannsökuð, sniðið í austuregg Húss H og mannvistarlagið þar bendir sterklega til þess.

Aðrir bæir og hvað hét Arfabót?

Hluti af verkefninu er að staðsetja fleiri eyðibýli á Mýrdalssandi/Álftaveri eftir því sem hægt er. Til þess að það megi ganga eftir er nauðsynlegt að fá staðkunnuga með í för, en leitað hefur verið til Þórarins Eggertssonar í Hraungerði, en til stendur að leita til fleiri. 33 bæjarheiti og eitt ónefnt má safna saman úr skráum þeirra Jóns og Einaris Ól. Sveinssonar með fáeinum viðbótum. Ekki er hægt að útiloka að sum býlin séu a.m.k. tvítalin ef þau hafa lagst af um skeið og endurbyggð síðar með nýju nafni. (sjá töflu 1).

Í þessari lotu voru þrjú eyðibýli staðsett nákvæmlega, eða Kúabót, kotbýlið Ósabær (mæling mistókst, en verður endurtekin næsta sumar), en

vitað er návkæmlega hvar bærinn stóð og þar sér til rústa) og Niðurföll (þar sem varla sér til rústa, sjá mynd 14).⁴

Það liggur fyrir að nafnið Arfabót (og Kúabót) er seinni tíma tilbúningur og á við umhverfið þar sem bærinn stóð og vísar líklega í að þar hafi verið bithagi fyrir skepnur. Nöfn með bót-viðskeyti eru býsna algeng á Mýrdalssandi.

Áður hefur verið reynt að finna hið rétta nafn bæjarins, en það var ekki góð ágiskun. Nú verður reynt aftur. Ef gengið er út frá skrá Jóns Þorkells-sonar þar sem einu lýsinguna á staðsetningu eyðibýlanna flestra er að finna er ekki hjá því komist að nefna eitt nafn sem hugsanlegan kandiðat fyrir Arfabót. Skrá Jóns segir að Bólhraun sé skammt austur af Lágeyjarlöndum, en þau voru skammt austan við Eyjará, en hún er (var) á milli Blautukvíslar og Dýralækja. Austur af Bólhrauni (sem vitað er hvar stóð) var Dýranes og austur af Dýranesi voru Sauðhellar. Austur af Sauðhellum voru Niðurföll og austur af þeim var Staðarból. Allt virðist þetta vera upptalning frá vestri til austurs. Finnur Jónsson telur þessi býli í sömu röð (þar er Bólhraun ekki en Bonkanes í staðinn) og því er ekki útilokað að rústir þær sem Þórður Tómasson segist hafa séð skammt vestur af Niðurföllum og austur af Dýranesi séu leifar bæjarins Sauðhellrar. (Mbl. 25. mars 1993). Niðurföll gætu heitið eftir fallegum fossi í Vestaríkæli þar sem hann fellur fram af klettum niður á sandströndina.

Um Dýranes segir svo: „*Dýranes hefir verið mikil jörð austur frá frá Bólhraunum. Þar er nú allt í sandi, og*



Mynd 14. Horft yfir rústir Niðurfalla. Sjá má grilla í rými á miðri mynd t.v. og grjót úr veggjum á hólnum efst í myndinni. Stóri steinninn t.h. hefur lengi markað þessar rústir og sumir kallað hann smiðjustein (Mbl. 25. mars 1993. Horft mót SA. Ljós. BFE).



Mynd 15. Gjóskulagið undir austurvegg Húss H sem sýnið var tekið úr (sýni 49). (Stafr. myndir nr. 2022-26-7. Ljós. BFE).



Mynd 16. Sýnatökustaðurinn frá 7. október síðastliðinn. Neðst er mannvistarlag. Á staðnum fundust tvö ný gjóskulög í ferð sem farin var í október síðastliðnum sem enn eru í greiningu. (Ljós. Þorvaldur Þórðarson)


⁴ Teikning af Niðurföllum birtist í Mbl. árið 1993 sbr. skýrslu IV (Bjarni F. Einarsson 2019:11).

sér ekkert til rústa.“ (Jón Þorkellsson 1918-20:221). Arfabót gæti því hafa heitið Dýranes þegar það var og hét. Nafnið Kúabót er eins og Arfabót nafn á svæði, en rústirnar þar fengu nafn sitt af þessu svæði. Sumir hafa reynt að geta sér til um upphaflegt nafn Kúabótar og hefur bæjarnafnið Hafnarnes verið nefnt til sögunnar (Schutzback 2005:76). Þessa tilgátu er erfitt að sanna né afsanna. Það er hins vegar athyglisvert ef tveir nágrannabæir, Arfabót og Kúabót, kunni að hafa haft nöfn sem enda á nes.

Ferð í Arfabót

Þann 7. október síðastliðinn fór undirritaður ásamt próf. Þorvaldi Þórðarsyni í Arfabót til þess að skoða snið í skurð sem grafinn hafði verið síðasta dag rannsókna gagnert til að kanna gjóskulög. Var skurðurinn að húsabaki norðan við Hús H. Þegar á staðinn var komið reyndist skurðurinn fullur af vatni og ógerningur að skoða sniðið. Því var gripið á það ráð að halda áfram að grafa niður úr jarðlögum við austurvegg Húss H, eða þar sem gjóskusýni hafði verið tekið á meðan á rannsóknum stóð (sjá mynd 15 og 16).

Grafinn var um 0,4 m djúp hola og í henni fundust tvö ný gjóskulög sem sýni voru tekin úr og eru þá samtals þrjú sýni úr holunni. Neðst, um 38 sm undir grjóthleðslunni, var svo mannvistarlag (ekki gólf,



Mynd 17. Flatarteikning af bæjarhúsum öllum nema meintrir kirkju og kirkjugarði. Þó steinaraðirnar séu slitróttar að húsabaki á teikningunni, voru þær því sem næst samfelldar allan hringinn. (Teikn. BFE).

öskuhaugur?) og í því voru viðarkol og brennd bein.

Eitt af markmiðum rannsóknanna er að grafast fyrir um upphaf búsetu í Arfabót. Greiningar á efsta gjóskulaginu í skurðinum (sýni nr. 2022–49) bendir til þess að upphaf bæjarins megi rekja aftur á 10. öld og jafnvel aftur á 9. öld.

Sé það rétt greint að efsta gjóskulagið (sýni 2022-49) sé úr Eldgjá 934 er nær öruggt að bærinn sem þarna stóð hafi farið í eyði við það gos og búseta svo hafist aftur síðar, en hvenær það var er ekki hægt að lesa út úr sniðinu með vissu. Ljóst er að hraunið úr Eldgjá hefur ekki runnið yfir Arfabót. Stóra spurningin verður því; hvaða tvö gjóskulög eru það sem liggja undir efsta gjóskulaginu í holunni, sýni 2022-50 og 51? Þau eru bæði yngri en mannvistarlagið undir. Það er hugsanlegt að öll gjóskulögin þrjú undir grjóthleðslunni í Húsi H séu úr Eldgjá 934 og lagið frá mannvistarlaginu upp að grjóthleðslunni sé afleiðing af ferli sem stóð lengi yfir og að gjóskurnar hafi fallið með hléum í gosinu og sandur (flóð og áfok) hafi lagst ofan á fyrri gjóskurnar. Jarðlögin undir veggnum í Húsi H gætu því verið birtingarmynd af sögu gossins í Elgjá, en gosið stóð yfir á árunum 934 – 941 eða þar um bil. Fyrst gaus í tvö til þrjú ár og svo aftur 939 í að minnsta kosti tvö ár. (Thorvaldur Thordarson o.fl. 2001). Gos þetta var mesta gos jarðarinnar síðastliðin 1000 ár. Í gosinu losnaðu um 450 Mt af H₂SO₄ (brennisteinssýra), en í Lakagosinu 1783 losnaðu um 250 Mt. Því hafa áhrif Eldgjárgossins væntanlega orðið mun meiri bæði hér á landi og erlendis. Mengunin dreifðist þó á fleiri ár í Eldgjá en Laka.

Annar möguleiki er að neðri gjóskulögin tvö í holunni í Arfabót séu úr gosi í Eyjafjallajökli um 920 og Kötlu um sama leiti eða rétt á eftir. Þetta verður skoðað nánar með fleiri prufuholum.

Hugleiðingar og næstu skref

Því hefur verið haldið fram í fyrri skýrslum að Arfabót hafi lagst af hægt og bitandi, en ekki í einu tilteknu flóði, gjóskufalli eða sandfoki. Rannsóknin á hinni meintu kirkju styður þessa hugmynd, en garðurinn utan um hana var orðinn lúinn og greinilega ekki verið haldið við um nokkurn tíma þegar bærinn er endanlega yfirgefinn. Einnig er sú staðreynd að stofan (Hús D) var orðin að tótt einhvern tíman áður en búskapur lagðist af í Arfabót vísbending um hægfara eyðingu og versnandi hag. Þessi hugmynd um hægfara eyðingu kemur fram hjá Einari Ól. Sveinssyni í grein hans í Skírni árið 1943. Um eyðingu Dynskóga segir hann: „*Eftir því hefur bærinn ekki farið í auðn fyrr en seint á 15. öld. Var það, sem olli, ef til vill stórkostlegt eldgos, sem alveg hefur fallið í gleymsku? Eða var það sandfok ár eftir ár, áratug eftir áratug?*“ (1947:207).

Í lýsingu á Bólhrauni árið 1918 kemur svipuð sviðmynd fram. Bærinn fór illa í hlaupi úr Kötlu árið 1823 en þraukaði til ársins 1827 og fór þá í eyði. (Jón Þorkelsson 1918–20:223).

Lýsingar á gosum í Kötlu eru brotakenndar og fullar af hindurvitnum framan af sögunni, eða þar til árið 1625. Frá því ári er elsta samtímaheimild

um gos í Kötlu skrifuð. Líklega er þetta elsta samtímaheimild á gosi á Íslandi yfirleitt. Það var Þorsteinn Magnússon sem lýsti gosinu 1625 í Kötlu, en Þorsteinn bar gosið eigin augum og upplifði það frá Þykkvabæ í Álftaveri þar sem hann var bóndi. Hann segist vilja lýsa; „*hvað skeð og komið hefur af þeim mikla eldgangi, vatnsflóði, jökulhlaupi, öskufalli, sandregni og grjótkasti, er komið hefur úr þeim jökli og fjallgarði, er liggur á bak til við, eður norðan til austanverðan Mýrdal í Skaftafellspingi, hver fordjarfanleg fádæmi að yfiringið hafa að mestu ij heilar sveitir eður hreppa, og þær að mestu (eftir því sem nú er á að sjá og til að spyrja) nær eytt og fordjarfað, sérdeilis og allra mest með fjallbyggðinni, svo ekki mun framvegis (um nokkur eftirfylgjandi ár) bygt né bælt verða...*“ (1907–1915:201). Eins og venja er um gos í Kötlu þá byrjuðu ósköpin með jarðskjálftum og flóðum þann 2. september. Flóðið bar með sér jöklaleir sem lagðist yfir allt og skemmdi hey og engjar. Umbrotunum fylgdi slíkur hávaði að ekki heyrðist mælt mál fyrir braki, brestum, skruggum, dynkjum, gny, dunum og reiðarþrumum. Viku eftir að gosið byrjaði náði sandurinn [gjóskan] nær í ökla í Verinu og meira kom síðar. Margir hlupu út úr húsum sínum og tjölduðu úti á túnnum. Engin manneskja dó í þessu gosi. Athyglisvert er að í kringum Bólhraun féll ekki gjóska og þangað leitaði búfénaður úr Verinu og víðar að. Var þar allt að 700 sauðfjár samankomin. (sama 1907–1915:211). Gosið stóð yfir í 12 daga. Þann 4. mars árið eftir skrifar Þorsteinn: „*En sökum þess að guð hefur veturinn svo góðan og æskilegan gefið til þessa sem nokkur hefur á mátt kjósa og komi nú ekki stórhörkur héðan af, þá meina ég það lifa muni og framstreita vel flest. Berfátækt fólk er hér orðið um allar sveitir, hungur og harðindi á vel flestu því ekki hefur enn af sjónum gefið...*“ (sama 1907–1915:213).

Í Bólhrauni var ekki búið árið 1625 og ekki heldur 1697 (Jón Þorkelsson 1918–20:222–223) en í Manntali 1703 eru sjö manns í heimili í Bólhrauni (Manntala 1924–1947:448). Í elstu jarðabókinni frá 1685–97 er Bólhrauns ekki getið (Björn Lárusson 1967). Eyðingin stafaði af sífelldum sandfokum sem fuku yfir hús, tún og bithaga svo ekki varð búandi þar að lokum. Eins urðu örlög Arfabótar og vafalaust fleiri bæja.

Nú er eftir að rannsaka lítillega í skálanum og búrinu inn af skálanum (staðfesta hvort sár er í sáfarinu), Hús H, kirkjugarðinn og hvort hús leynist á NV-horni hólsins sem bærinn stendur á.

Austan við hús H, þar sem holan var grafin síðastliðið haust, verður opnað aðeins stærra svæði og þess freistað að kanna mannvistarlagið aðeins nánar og ná úr því viðarkolum til C-14 greininga. Einnig verða fleiri prufuholur grafnar til að kanna frekar gjóskulögin ofan á mannvistarlaginu.

Að lokum verða svæðin norðan við stofu, skála og Hús H (þykku torfveggirnir) könnuð til að fá á hreint hvort þar leynist eldri og aflögð hús eða rými undir.

Niðurstöður gjóskugreiningarinnar á sýni 2022-49 eru í allra hæsta máta athyglisverðar og óvæntar. Standist þessi greining er ljóst að

mannvistarlagið vel undir gjóskulaginu er eldforn. Sú byggð sem þarna hefur staðið þá, hefur nær örugglega farið í eyði við gosið í Eldgjá 934.

Stefnt er að því að taka svokölluð eDNA sýni á bæjarstæðinu næsta sumar í samstarfi við Kaupmannahafnarháskóla, en það er enn verið að ákvarða hvað skuli greina og hvað mikið. Verkefnið er undir hatti rannsóknaverkefninu Rocs, sem er samstarfsverkefni Íslands og Danmerkur (rocs.ku.dk). Fulltrúi Rocs er dr. Wesley Randall Farnsworth jarðfræðingur. eDNA (*environmental DNA*) gengur út á að taka jarðvegssýni fyrir neðan elstu mannvistarleifar og svo jafnt og þétt upp á við. Allt DNA er svo greint, plöntur, dyr, skordýr og jafnvel bakteríur. Þannig má lesa út umhverfisaðstæður og breytingar í tímanum. Á einhverjum tímamarki kemur manneskjan inn og hún hefur í för með sér breytingar. Henni fylgja gjarnan skepnur og skepnur breyta gróðurfari. Gróður gefur einnig ákveðna mynd af veðurfari og breytingar á því.

Heimildir⁵

- Afmælisrit til Dr. Phil. Kr. Kálunds bókavarðar við safn Árna Magnússonar 19. ágúst 1914.* Gefið út af Hinu ísl. fræðafélagi í Kaupmannahöfn. Kaupmannahöfn 1914.
- Ármann Guðmundsson. *Kúabót í Álftaveri.* Ástandsskoðun og samanburðarrannsókn. Skýrsla I. Fornleifafræðistofan. Reykjavík 2013.
- Bjarni F. Einarsson. „Inn í eilífðina á augnabliki - Bær í Öræfum. *Glettingur.* Tímarit um austfirsk málefni. 15. árg. 2.-3. tbl. 2005.
- Bjarni F. Einarsson. „,Garður er granna sættir.“ Fornigarður í Vogsósum.““ *Árnesingur VII.* Ritst. Gunnar Marel Hinriksson, Már Ingólfur Másson, Skúli Sæland og Þorsteinn Tryggvi Másson. Sögufélag Árnesinga. Reykjavík 2006. Bls. 205-230.
- Bjarni F. Einarsson. *Rannsókn á meintri kirkjurúst á Mýrdalssandi í Álftaveri, V-Skaftafellssýslu.* Skýrsla I. Fornleifafræðistofan. Reykjavík 2013.
- Bjarni F. Einarsson. *Arfabót. Rannsókn á bæjarrústum á Mýrdalssandi í Álftaveri, V-Skaftafellssýslu.* Skýrsla II. Fornleifafræðistofan. Reykjavík 2017.
- Bjarni F. Einarsson (b). *Skarðssel á Landi. Fornleifarannsóknir 2016.* Landsvirkjun - Fornleifafræðistofan. Reykjavík 2017.
- Bjarni F. Einarsson. *Arfabót. Rannsókn á bæjarrústum á Mýrdalssandi í Álftaveri, V-Skaftafellssýslu.* Skýrsla III. Fornleifafræðistofan. Reykjavík 2018.
- Bjarni F. Einarsson. *Arfabót. Rannsókn á bæjarrústum á Mýrdalssandi í Álftaveri, V-Skaftafellssýslu. Skemma, stofa, skáli, eldhús og klefi.* Skýrsla IV. Fornleifafræðistofan. Reykjavík 2019.
- Bjarni F. Einarsson. *Arfabót. Rannsókn á bæjarrústum á Mýrdalssandi í Álftaveri, V-Skaftafellssýslu. Skáli, eldhús, klefi og bæjarstæði.* Skýrsla V. Fornleifafræðistofan. Reykjavík 2020.
- Bjarni F. Einarsson. *Arfabót. Rannsókn á bæjarrústum á Mýrdalssandi í Álftaveri, V-Skaftafellssýslu. Skáli, búr göng og bæjarstæði.* Skýrsla VI. Fornleifafræðistofan. Reykjavík 2021.
